

Mánudaginn 28. október 1991.

Nr. 421/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni.

Kærumál. Opinber rannsókn. Fingraför og ljósmyndir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur frá 18. október sl. um töku fingrafara og ljósmynda af varnaraðila. Úrskurðurinn var kærður samdægurs, en barst Hæstarétti 22. sama mánaðar. Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði niður felldur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Í gögnum málsins segir, að varnaraðili sé samkvæmt vegabréfi ríkisborgari í Namibíu og beri nafnið Torbjörnen Gunnasson.

Varnaraðili sætir opinberri rannsókn vegna grunar um brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Taka má myndir og fingraför í þágu opinberrar rannsóknar, sbr. 57. gr. laga nr. 74/1974, sbr. nánar reglugerð nr. 152/1979 um töku, meðferð og geymslu fingrafara og ljósmynda hjá lögreglu, sem sett er með heimild í 5. mgr. 32. gr. laga nr. 74/1974, sbr. lög nr. 107/1976, og 5. gr. laga nr. 108/1976 um rannsóknarlögreglu ríkisins. Lagaheimild er því fyrir töku fingrafara og ljósmynda af varnaraðila, og samkvæmt gögnum málsins er nægjanlegt tilefni til þess. Hinn kærði úrskurður er því staðfestur.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. október 1991.

Ár 1991, föstudaginn 18. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að heimilað verði með úrskurði að taka fingraför og ljósmyndir af Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni, namibískum ríkisborgara, fæddum 3. september 1965.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 16. þ.m., var framangreindum manni gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 23. þ.m. vegna grunar um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Úrskurður þessi var kærður til Hæstaréttar og er þar nú til meðferðar.

Í þágu rannsóknar málsins hugðust rannsóknarlögreglumenn í morgun taka fingraför og ljósmyndir af kærða, en því hafnaði hann.

Fyrir dómi hefur kærði haldið því fram, að það hafi enga þýðingu fyrir rannsókn fjársvikamálsins að taka af sér fingraför og ljósmyndir, enda sé með því farið út fyrir svið þeirrar rannsóknar, sem hann sætir gæsluvarðhaldi út af.

Í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 152, 1979, um töku, meðferð og geymslu fingrafara og ljósmynda hjá lögreglu segir, að heimilt sé að taka fingraför og ljósmyndir í þágu opinberrar rannsóknar af þeim, sem grunaðir eru um refsiverða háttsemi, sem varðað getur varðhaldi eða fangelsi. Í 3. mgr. sömu greinar segir, að neiti hlutaðeigandi að láta taka af sér fingraför eða ljósmyndir, sé óheimilt að beita valdi við tökuna, fyrr en úrskurður dómara hefur verið fenginn um það, að skilyrði til töku fingrafara eða ljósmynda séu fyrir hendi. Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. mgr. 32. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 107, 1976, og 5. gr. laga nr. 108, 1976.

Eins og að framan er rakið, sætir kærði gæsluvarðhaldi vegna grunar um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga. Telja verður, að það geti haft þýðingu fyrir rannsókn málsins, að tekin verði fingraför og ljósmyndir af honum. Þykir því með vísan til framanritaðs rétt að verða við framangreindri kröfu RLR.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

RLR skal vera heimilt að taka fingraför og ljósmyndir af Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni, namibískum ríkisborgara, fæddum 3. september 1965.